

221
8. des.

AUGLÝSING

um skömmtun á benzíni.

1. gr.

Samkvæmt reglugerð um sölu og afhending bensins og takmörkun á akstri bifreiða, dags. 18. febrúar 1943, skal benzínskömmtur til bifreiða vera sem hér segir á tímabilinu 1. janúar til 30. apríl 1944:

A. Fólksbifreiðir:

1. Strætisvagnar í Reykjavík og Hafnarfirði	8000 litrar
2. Almenningsbifreiðir, hálfkassabifreiðir og mjólkurflutninga-bifreiðir	4000 —
3. Leigubifreiðir, þær sem uppfylla ákveðin skilyrði	2500 —
4. Einkabifreiðir:	
a. Læknabifreiðir	800 —
b. Almenn stærð, 5—6 manna	400 —
c. Smábifreiðir, 15 hestafla og minni	250 —
d. Bifhjól	50 —

B. Vörubifreiðir:

1. Vörubifreiðir, 2 tonn og stærri	2900 —
2. ——— 1½ tonn	1800 —
3. ——— ¾—1¼ tonn	1300 —
4. ——— smábifreiðir	600 —

2. gr.

Lögreglustjórar afhenda benzínskömmtunarhefti til annarra nota en bifreiðaksturs, samkvæmt reglum, sem áður hafa verið settar.

3. gr.

Benzínskömmtunarmiðar frá árinu 1943 falla úr gildi 1. janúar 1944.

4. gr.

Benzínskömmtunarmiðar, sem menn kunna að eiga ónotaða frá 1. skömmtunartímabili ársins 1944, skulu gilda áfram á 2. skömmtunartímabili 1944.

5. gr.

Ráðuneytið leyfir fyrst um sinn, að í Reykjavík sé ein bifreiðastöð opin til mannflutninga að næturlagi. Þó leyfist að allar bifreiðastöðvar séu opnar á laugar-dögum til kl. 1 eftir miðnætti aðfaranótt sunnudags.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. desember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.